

ÖLDIN, an Icelandic Weekly
Record of Current Events
and Contemporary Thought
Subscr. Price \$1.50 a year.
OLAFSSON & Co. Publishers.

ÖLDIN.

Advertising Rates:
1 inch single column:
1 month; 3 mo's; 6 mo's; 1 year
\$1.00; \$2.50; \$4.50; \$8.00
Addr: Box 535, Winnipeg, Man.

1.16

WINNIPEG, MAN., MONDAY, JAN. 14, 1902

1902

Til Otto Wathne. (Eftir „Austra“).

Dökk fyrir handlagið hlýja,
hetja „vor bróðir í nauð“.
Boðandi brautina nýja,
blessan og manndóm og auð!
Blóð vort þú yngir í æðum,
ágeti Norðmanna son,
treystandi Garðarshólms gæðum,
gloandi af hugþrýði og von!
Vigroða verpur á ægin,
vaknar hin dauðlynda þjóð;
hvar sem þú eyfur um seinn,
syngur þú Darðarhljóð.
Kenn þú oss krókana að slétta,
kenn oss þá beinustu leið,
kenn þú oss kryppuna að rétta,
kenn oss að leggja fram skeið.
Kenn oss að skelfast ef skvettinn,
skurin er heilsunni bót,
kenn oss að burtu þvo blettinn,
bæstetu vanþríf og söt!
Hæð þú vorn hugskjöfnunga,
hæð þú vorn einrænings don,
hrind af oss dölleysis drunga,
drep þú vorn harðindalað!
Sigld' í oss sekunungshuginn,
sigld' í oss feðranna móð,
sigld' í oss silina og duginn,
sigld' í oss vikingablóð.
Hvar sem þú hestinn ranga
hleypir um öldandi la,
Ólaf á Orminum længa
oss láttu fagnandi sjá!
Vek oss, þú vikinga nafni!
Vaggi þér svalgýmir forn!
Lysi þér Lukkan í stafni!
Lati þér Gæpir og Horn!
Kalla, svo kveði við dalir,
kemur þá lösmannasveit;
enn bygja hlutgengir halir
harðnunn eldfallareit!
Enn lifir afrek og frami;
enn lifir gigunnar stál;
enn lifir andinn hinn sami;
enn lifir Hákonar mál.
A Stord þegar gekk fram og geystist
gullhjálmsins skínandi þor,
enginn með ynglingi treystist
utan hann Þorolfur vor.
Vasklega vigsuara garpa
veki þitt Hákonar-ord —
þess konar þjóðhetju snarpa,
er þorir að berjast „á Stord“!
Siglum hið tvístrada saman,
siglum upp hófur og krik;
siglum oss gagnsemd og gaman,
gull inn á sérhverja vik!
Fram, fram, þér Fróns hetjur allar!
Fra, frá, þú dölleysis ord!
Fram, fram, því förginn kallar:
Fram, fram, til sigurs „á Stord“!
Siglum upp samhengi í landi!
Sundur með þverdarbónd!
Siglum, unz bróðernis-bandi
bundinn er Egir við Strönd,
Haf þú, vor hugþrýði Wathne,
heiður og þakkletis-yl;
líf þú, svo landið vort batni,
líf meðan Ísland er til!
Matth. Jochumson.

FRÉTTIR.

ÚTLÖND.

— HERTOGINN AF CLARENCE, Albert

Victor, elsti sonr prinsins af Wales,
og því ástærlegt korungsefni vort,
andaðist 14. p. m.
— MANSING kardinali í Lundnum,
einhver merkasti prelati kaþólsku
kyrkjunnar, andaðist sama dag.

Íslands-fréttir.

Eftir „Austra“.

— Í Einar Sigurðsson bóndi á Eyj-
ólfsstöðum á Völlum andaðist 16. Okt.
f. á 56 ára gamall.
— BINDIND. Á Vestdalseyri (við
Seyðisf.) hefir verið Good-Templer-
stuka og Unglinga-stuka. Nú er einn-
ig stofnuð stuka og Unglinga-stuka á
Seyðisfjarðaröllu. Auk þess er gamalt
bindindisfélag í hreppnum.
— SILDVEIÐI afbrigðis í Reyðar-
firði. Þar eru nú 6 sildveiði-útgærd-
ir, sem reka veiði: 2 á Otto Wathne;
Randolph og Clausen, norskir menn,
1; 3 eru íslensk eign; af þeim á
Tulinus konsól einn; Jon Magnússon
kaupm., og faktor hans Fr. Möller
aðra, en þeir svilarir Eiríkr Bjarn-
arson á Karlskúla og Hans Beck á
Soma-töðum þá þriðju. Allar þessar
utgærdir hafa fengið mikla sild, enda
er fjórðungi allr fullr af henni (10.
Nov.). Wathne hafði um þetta leyti
4 gufuskip í förum. Kaupjald sild-
veiðimanna í Reyðarfirði er um þetta
leyti 4 kr. á dag, eða 3 kr. og fæði
og húsnæði, og þó hörgull á fólki.
Ísland kaupnaðr (norskr) hefir aft-
að talsverða sild á Mjóafirði.
— SVO, MIKILL smáfiskur fæst í sild-
arnætrnar á Reyðarfirði, að menn
komust ekki yfir að hirta hann!
Til þessundir skippunda af (salt-)
fiski voru fluttar til útlanda af Seyðis-
firði 1891;
— Í 5. Nóv. f. á. andaðist Sigurðr
Ingimundarson breppstjóri á Fagrhól-
mýri í Austr-Skaftafellssýslu. — 11.
Nóv. andaðist Dorsteinn bóndi Bjarn-
arson að Skaftafelli í sömu sýslu.
— GUFUSKIPAFERÐIR einlegt milli
austrfjarða og Noregs. Auk gufuskipa
Wathnes hafa þeir Jón Magnússon og
Möller á Eskifirði fengið gufuskip til
að sækja sild þeirra, og þeir Tulinus
og Eiríkr á Karlskúla og Hans
Beck annað gufuskip.
— Á EYJAFIRÐI var og goðr síklar-
affi. Þar á Wathne útgærd. Hann
sendi þangað eitt gufuskip, og tók
það fullan farn síklar, en varð þó
að skilja eftir um 800 tn. frá ymsum
síklarúthöldum þar.
— ÁKAPLEG SNJÓVINDI gengu fyrri
hluta Desember, svo að næmst var
fiert þetta milli í Seyðisfirði nema á
skíðum; á milli Herads og Seyðisf-
jarða litlar samgöngur allan þann tíma
fyrir ofærd og illviðrum. Jarðlitið
varð og sumstaðar í suðurförðum og
skaru menn lóms af heijum af ötta
fyrir hördum vetri. En 17. Dec. var
þó komið þíðviðri með miklum sunn-
anstæmi og hellirgning.
— GUFUSKIPAFERÐIR. Utgerðarmenn
norsku gufuskipanna „Dido“ og „Vaa-
gen“ frá Stafangri hafa fastræðið að
halda uppi stöngum og fastskveð-
um gufuskipaferðum milli norðlands
og austrlands á Íslandi og svo útlanda
frá 1. Marz p. á. (1892) og fram á
haust. Skipin eiga að ganga, að minsta
kosti annað, og ef til vill bæði, einu
sinni í manni; hafa hverja ferð frá
Kaupmannahöfu (þar er Thorarinn
Tulinus, sonr Tulinus konsuls á Eski-
firði, afgreiðslumaðr þeirra) og koma

við í Noregi og Skotlandi; þaðan upp
til Benfjarða, Faskrúðsfjarða, Reyð-
arfjarða með Eskifirði, Norðfjarða,
Mjóafjarða, Seyðisfjarða, Vopnafjarða
og Eyjafjarða — og svo til baka.

— PÖSTOGÖNGURNAR milli Íslands og
Skotlands verða í ár þannig. Skipin
fara á leið til Íslands

frá GRANTON til ESKIFJARÐA til RVÍK	frá RVÍK til ESKIFJARÐA til GRANTON
21. Jan.	28. Jan.
6. Marz	14. Marz
25. Apríl	1. Maí*
9. Maí	15. Maí
7. Júní	13. Júní*
4. Júlí	23. Júlí
16. Júlí	23. Júlí
21. Agust	23. Ag*
10. Sept.	14. Sept.
3. Okt.	11. Okt.
12. Nóv.	21. Nóv.

* Í þessum ferðum fer póstskep-
ið frá Reykjavík til Ísafjarða og Vest-
fjarða og til baka aftir.

— Þær ferðirnar, sem skipin koma
á Eskifjörð, koma þau og á helztu
hafnir með ströndum fram.

— FRÁ ÍSLANDI kemr póstskep til Skot-
lands (Granton) þessa daga: 11. Febr.;
27. Marz; 20. Maí; 17. Júní*; 2. Júlí;
12. Agust*; 3. Agust; 15. Sept; 16.
Okt*; 25. Okt; 6. Dec.

* Í þessum ferðum kemr skipið
ur ströndfjörð kring um Ísland.

FRÁ LÖNDUM VORUM

West Duluth, Minn., Jan. 9. —
Gleðilegt nýr fyrir „Öldina“ og alla
skiftavini hennar.

Tíðin hefir mátt heita áget fram
til arsloka; í Dögbr. oft frostlitið eða
frostlaust; síðustu dagana af man-
num fell snjó svo varð síðafæri;
en það sent af er þessum mán. hefir
verið meira frost; mest hefir það verið
24 gr. fyrir neðan zero.

Það hafa gengið hér mikil veikindi
er leknar kalla La Grippe, þótt
mönnum skæpi annan dag þá eru þeir
aftir lakari hinn daginn.

Hér dvakili um jóln einn landi vor
Mr. Thorgrímur Arnþórsson frá Gray-
ling, Crawford Co., Mich. Hann er
búinn að vera þar í 10 ár. Ekki eru
fleiri landar í þeim bæ en hann og
skyldulitið hans. Hér fór hann á milli
landa sinna til að kynna þeim og
svo til að sjá plássíð; gæti verið að
ekki væri langt frá huga hans að
flytja hingað, ef vel lét í ári með
vinnu, en enn þá er það óráðið.

Við vorum að lyfta okkr dalið
yfir í daglega strit um jóln og nýár-
ið. Í Duluth var haldin skemtisam-
koma á annarsdags kveld og mun þar
hafa verið góð skemmtun. Á gamlars-
kveld var haldin hér jólatræssamkoma
fyrir börn Ísl. í W. D. Það var skot-
ið saman nokkrum dollars til að kaupa
muni og svo var jafnað niðr á milli
barnanna, svo öll fengu sinn hlut,
hvort sem þau gátu komið á sam-
komuna eða ekki. Tala barnanna var
26, sem gjafir fengu. Að öðru leyti
berndum við inir eldri eftir löndum
vorum, sem vanir eru að halda skemti-
samkomur. Við höfum svo oft lesið
það í blöðunum. Það er því ekki
þurft að telja það hér, sem fram fór;
að eins skal þess getið að samkom-
an byrjaði kl. 8 um kveldið og stóð
til kl. 6 á nýársdagsmorgun. Mr. P.
Arnþórsson var á samkomu okkar
og tók góðan þátt í skemmtuninni.
Hann kom hér fram meðal landa sem
þráðmenn. Heimleiðis fór hann á

nýársdagskvöld. Hér er nú lítið um
þerjavinnu á þessum tíma; helst
cori-viðar högg og sögun. 6 verk-
stæði renna hér í vetr og er það
stórum mun þetta en í fyrravetr.
Þótt það fullnægi ekki allra þórt sem
lífa hér. Af 24 ísl. karlmönnum, sent
lífa hér í W. D., hafa 8 vinnu á
verksæðum, 2 við útkerfsh, 1 við
alm. verzlun, 1 við fatasölu, 1 við
bókband, 1 við mjólkreslu, 2 við cori-
viðarhögg, og svo sumir hinna smá-
hlaupavinnu. Það eru því meiri lík-
ur til að landar þjárgist hér allvel
af fyrir þennan vetr.

— LUNDAR P. O., MAN., Jan/ 14. —
Hr. ritstjóri! Það er langt síðan
nokkuð hefir heyrt út þessari ný-
lendu í blöðunum, og því vil ég senda
þér fæinar línur í „Öldina“, þótt
ekki sé hédan nein stórtíðindi. —
Tíðir er alt af góð; andvitað nokk-
uð hörd frost, hest 32 stig á Réaum-
ur (34 stig undir zero á Fahren-
heit), en lítill er hér snjó. — HÉLSUFAR
manna er alment gott; hefir hér að
eins dæið eitt barn síðan í fyrra vetr.
— ERKARSON flestra er hér algöðr,
enda hefir mikil úrskak, hvað vinn-
an var góð á síðastliðnu sumri. Héd-
an ur nýlendunni voru margir í vinnu
alt sumarið, en sumir fóru í vinnu
þá er slátt var átt. — ÍSKVILSOM
hingað til nýlendunnar er það helst
af að seija, að 2 fjölskyldur frá Dakota
flutta hingað í sumar og bygða sér
íverubús. Nokkrir hafa tekið sér lönd,
en hafa eigi enn reist sér hus. Ný-
lenda byggist nú öðum, þrátt fyrir
allar hrakspár sumra Ný-Islandinga.

— VERKLUX er hér fremr daufr, eins
og nærri má geta, svo langt frá mark-
aði. Hér í nýlendunni verða 2 kaup-
menn, annar franskur, hinn enskr; þeir
hafa mikla verzlun. Sá franskir selr
mest fyrir peninga, og svo fyrir fisk,
þeim sem hann hafa: 4 cts. þá af
hvítiskí, og pikkur 2½ cts. pundíð.
Sá enski tekur allar vörur, sem menn
hafa; smjör tekur hann 18—20 cts;
sokkarpögg 35—40 cts., vettlinga 25—30
cts.

Nu erum við farnir að gera okkr
góðar vonir um að jarnbáran-
tíni komi að en langt um líð, og yrði
nýlendunni það ákaflega mikill hagn-
að bæði með verzlun og fleira. —
SKÓLI er kominn hér einn á fót;
gengu börn á hann í sumar, en í
vetri hefir engin kensla verið á hon-
um. — ÞRISTLAUSIR erum við enn
sem komið er, og óvíst hvort breyt-
ing verður á því að sinni. — ÞOR-
HUS eru 2 hér í íslensku bygðinni:
Cold Spring P. O. og Lundar P. O. —
BETTERFARHU heyrir lítið getið
um hér í fólki, og er það ólíkt því
sem kvað eiga sér stað sumstaðar í
Nýja Íslandi, þrátt fyrir allar þeirra
góðu framtíðarvonir. — GARDAREKTIR
voru hér í meðallagi í haust, en
hey bænda eru með meira móti,
enda skorti hér ekki gras og tíðin
in hagstæðasta, en bleytan var mikið
til fyrirstöðu, einkum framan af sumr-
inu. — FISKAR hefir töluvert hér í
haust og fram eftir vetrinum, mest
þekur og pikkur; hvítiskr kvað vera
með mesta móti, en landar hafa ekki
stundað hann til muna enn sem kom-
ið er. — Nú setla ég ekki að orð-
lengja þetta frekara að sinni, en via
er ég að senda „Öldinni“ línur aftir
síðar, þegar eitthvað verður til enis.

ALFATVATNSNÝLENDUBÚL.